

# Rannsóknir á seiðastofnum á vatnasvæði Miðfjarðarár 2009

Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir  
og Karl Bjarnason



## Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf


Forsíðumynd: Miðfjarðará

Myndataka: Bjarni Jónsson

# Rannsóknir á seiðastofnum á vatnasvæði Miðfjarðarár 2009

Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir  
og Karl Bjarnason

Apríl 2010



**Veiðimálastofnun**

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf



## **Inngangur og aðferðir**

Rafveitt var í Miðfjarðarvatnakerfinu á tímabilinu 14.-19. september 2009. Markmið rannsóknanna var sem fyrr að afla gagna um styrkleika og vöxt seiðaárganga sem og útbreiðslu þeirra í vatnakerfinu og hafa sambærilegar rannsóknir farið fram í vatnakerfinu á hverju hausti frá árinu 1984. Þær upplýsingar sem fást með slíkri vöktun eru forsenda fyrir mati á stöðu fiskistofnanna í einstökum ám og vatnakerfinu í heild, sem síðan er grundvöllur ákvarðana um umgengni, endurbætur og nýtingu þeirra hlunninda sem vatnakerfi Miðfjarðarar býður upp á. Ávallt er rafveitt á sömu svæðum í ánum til að fá marktækan samanburð á milli ára og veidd ein umferð á hverjum stað. Síðustu árin hefur verið bætt við veiðistöðum í árkvísllum Miðfjarðarar og haustið 2009 var bætt við stöðum á neðsta hluta vatnasvæðisins.

Í Vesturá, Austurá og Núpsá var rafveitt á fimm stöðum í hverri á og í Miðfjarðará var veitt á fjórum hefðbundnum stöðum og sömu þremur kvíslum og áður, einni austantil í ánni á móts við Bjargshól, annarri vestantil á móts við Brekkulæk og sú þriðja er við Staðarbakka. Bætt var við tveimur nýjum stöðum í Miðfjarðará, öðrum aðeins ofan við Melstað og hinum nokkru neðan Þjóðvegstrúar auk þess sem veitt var við grjótgarð sem gerður var nýlega við Melstað. Rafveitt var að venju á einum stað í Urriðaá og hefðbundnum stað í Steinsstaðaá en öðrum stað var einnig bætt við neðar í Steinsstaðaá, nokkru ofan ósa hennar við Miðfjarðará. Stærð hefðbundnu rafveiðistaðanna var á bilinu 105 – 385 m<sup>2</sup> en veitt er minna svæði þar sem þéttleiki seiða er mjög mikill eða aðstæður í ánni bjóða ekki upp á stærra veiðisvæði. Á grjótgarðinum var aðeins veitt 8 m<sup>2</sup> svæði. Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð hvert fyrir sig áður en þeim var sleppt í ána aftur.

Þéttleiki seiða á hverja 100 m<sup>2</sup> var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað og stærð veiðistaðar. Þar sem aðeins er veidd ein yfirferð og ekki veiðast öll seiði á svæðinu gefur þetta aðeins vísitölu þéttleika en ekki heildarþéttleika:  $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða/stærð veiðisvæðis m}^2) * 100\text{m}^2$  (tölur 1-4).

Meðallengd og meðalþyngd allra árganga laxaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum á hverjum rafveiðistað (töflur 5-7). Sömu útreikningar voru gerðir fyrir bleikju- og urriðaseiði í hverjum árgangi í hverri á fyrir sig (töflur 8-13). Ástandsstuðull er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess:  $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3(cm)) * 100$ .

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxa- bleikju- og urriðaseiða auk hornsíla og ósakola á hverjum rafveiðistað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum stað og þéttleika sama árgangs á sama stað:  $\text{lífþyngd á } 100 m^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 m^2$  (töflur 14-17).

Þéttleiki allra árganga laxaseiða var tekinn saman í hverri á fyrir sig fyrir árin 2001 – 2009 (tafla 18). Einnig voru veiðitölur sumarsins 2009 teknar saman (töflur 19 – 25 og myndir 17 – 18).

## **Niðurstöður rafveiða**

### ***Vesturá***

Nokkru fyrir neðan Rjúkanda er efsti rafveiðistaðurinn í Vesturá (stöð 2, mynd 1). Þar reyndist vera gríðarlegur þéttleiki vorgamalla laxaseiða haustið 2009 auk þess sem töluvert fannst af eins- og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2).

Næsti rafveiðistaður er rétt fyrir neðan Hríseyrarhyl/Guðnavörðuhyl (staður 6, mynd 1) og fundust þar þrjú árgangar laxaseiða, vorgömul til tveggja ára og var þéttleiki eins árs seiðanna mestur en minnst fannst af vorgömlum seiðum (tafla 1, mynd 2).

Fyrir neðan Orrustuhyl (staður 8, mynd 1) veiddist nokkuð af vorgömlum og eins árs laxaseiðum en mun minna af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2).

Á næst neðsta veiðistaðnum í Vesturá (staður 11, mynd 1) var töluverður þéttleiki tveggja ára laxaseiða, nokkuð af eins árs seiðum auk þess sem vart varð við vorgömul seiði (tafla 1, mynd 2).

Rétt ofan ármóta Vesturár og Miðfjarðarár (staður 12, mynd 1) fundust eins- og tveggja ára laxaseiði og var þéttleiki þeirra ekki mjög mikill (tafla 1, mynd 2). Vart varð við vorgömul bleikjuseiði (tafla 2, mynd 8) á þessum stað auk þess sem eitt hornsíli veiddist (tafla 4).

### ***Austurá***

Á efsta staðnum í Austurá (staður 4, mynd 1) voru eins árs laxaseiði í nokkuð miklum þéttleika og töluvert af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 3). Eins árs bleikjuseiði var einnig að finna á þessum stað (tafla 2, mynd 9).

Ofan brúar við Aðalból (staður 5, mynd 1) veiddist mjög mikið af vorgömlum laxaseiðum, töluvert fannst af eins árs seiðum en minna af tveggja ára seiðunum (tafla 1, mynd 3).

Rafveiðistaður 7 er fyrir ofan brú að Skárastöðum (mynd 1), þar reyndust vera eins-, tveggja- og þriggja ára laxaseiði, þéttleiki eins árs seiðanna var mestur en minnst fannst af þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 3). Auk laxaseiðanna varð vart við tveggja ára bleikjuseiði (tafla 2, mynd 9).

Fjórir árgangar laxaseiða veiddust á næst neðsta staðnum í Austurá (staður 9, mynd 1), töluvert af vorgömlum og eins árs seiðum en mun minna af tveggja- og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 3).

Neðsti rafveiðistaðurinn er rétt ofan ármóta Austurár og Miðfjarðarár (staður 10, mynd 1). Þar fundust nú aðeins eins- og tveggja ára laxaseiði, eins árs seiðin voru í nokkuð miklum þéttleika en minna af þeim tveggja ára (tafla 1, mynd 3). Eins árs bleikjuseiði fundust einnig á þessum stað (tafla 2, mynd 9).

### ***Núpsá***

Neðan efri Fosskotsfoss (staður 5, mynd 1) veiddist mikið af vorgömlum laxaseiðum í fyrsta skipti í allmörg ár og nokkur tveggja ára seiði (tafla 1, mynd 4).

Rafveiðistaður 7 er einnig milli Fosskotsfossa (mynd 1), þar veiddust aðeins tvö laxaseiði og voru þau bæði þriggja ára kynþroska smáhængar (tafla 1, mynd 4). Einnig varð vart við tveggja ára urriðaseiði (tafla 3, mynd 14) og hornsíli (tafla 4).

Á næsta stað (staður 8, mynd 1) fundust þrír árgangar laxaseiða. Þéttleiki bæði vorgamalla og tveggja ára seiða var töluverður auk þess sem mjög mikið veiddist af eins árs seiðum (tafla 1, mynd 4).

Neðan brúar við Efri Núp (staður 11, mynd 1) var svipaða sögu að segja, nokkuð mikið fannst af vorgömlum og tveggja ára seiðum og mun meira af eins árs árgangnum, en einnig fundust þriggja ára seiði á þeim stað (tafla 1, mynd 4).

Á neðsta rafveiðistaðnum í Núpsá (staður 13, mynd 1) fundust líka fjórir árgangar laxaseiða. Mjög mikið var af vorgömlum seiðum, nokkuð af eins árs en minna af bæði tveggja- og þriggja ára seiðunum (tafla 1, mynd 4). Tveggja ára bleikjuseiði veiddust einnig á þessum stað (tafla 2, mynd 10).

### ***Miðfjarðará***

Á móts við veiðihúsið er efsti rafveiðistaðurinn í Miðfjarðará (staður 1, mynd 1), þar veiddust nú vorgömul og eins árs laxaseiði og var þéttleiki þeirra eins árs töluverður (tafla 1, mynd 5a).

Neðan ármóta við Vesturá (staður 2b, mynd 1) fundust einnig vorgömul og eins árs laxaseiði en þéttleiki þeirra var ekki mjög mikill (tafla 1, mynd 5a).

Rafveiðistaðurinn við Grjóthyl (staður 3, mynd 1) hefur breytt sér nokkuð að undanfögnu og eru búsvæðin vestan megin ár, þar sem rafveitt er, orðin nokkuð slakari fyrir seiði en



áður en búsvæði við hinn bakkann hafa að sama skapi batnað. Þrátt fyrir þetta veiddust þrír árgangar laxaseiða en þéttleiki þeirra var ekki mjög mikill, mest var þó af eins árs seiðum en minna af bæði vorgömlum og tveggja ára (tafla 1, mynd 5a). Einnig veiddust vorgömul og tveggja ára bleikjuseiði (tafla 2, mynd 11) auk eins hornsílis (tafla 4).

Fyrir neðan Staðarbakka (staður 4, mynd 1) reyndist vera nokkur þéttleiki vorgamalla laxaseiða en mun minna af eins og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 5a).

Eins og undanfarin ár var veitt í þremur kvíslum í Miðfjarðará. Við Bjargshól veiddist nú mjög mikið af eins árs laxaseiðum, töluvert af vorgömlum og tveggja ára seiðum auk þess sem vart varð við þriggja ára seiði (tafla 1, mynd 5b). Þar fundust einnig vorgömul og tveggja ára bleikjuseiði (tafla 2, mynd 11) og nokkuð mikið af hornsílum (tafla 4).

Veitt var aðeins neðar en áður í kvísl við Brekkulæk þar sem önnur kvísl hafði sameinast fyrri kvíslinni sem var frekar vatnslítill. Þar reyndist vera mest af eins árs laxaseiðum en einnig fundust þar vorgömul og tveggja ára seiði (tafla 1, mynd 5b). Nokkuð var um vorgömul bleikjuseiði í kvíslinni (tafla 2, mynd 11) auk þess sem vart varð við hornsíli (tafla 4).

Í kvíslinni við Staðarbakka fundust aðeins tveir árgangar laxaseiða að þessu sinni, vorgömul og eins árs og var meira af eldri árganginum (tafla 1, mynd 5b). Einnig veiddust þar vorgömul bleikjuseiði (tafla 2, mynd 11) og hornsíli (tafla 4).

Haustið 2009 var veitt á þremur nýjum stöðum í Miðfjarðará, einum stað örlítið fyrir ofan Melstað (staður 5, mynd 1) þar sem nokkuð var um vorgömul laxaseiði (tafla 1, mynd 5a) og vottur fannst af hornsílum (tafla 4).

Nokkru neðan Þjóðvegsbrúar var annar nýr staður (staður 6, mynd 1) en þar veiddust engin laxfiskaseiði, aðeins nokkur hornsíli (tafla 4).

Einnig var veitt við grjótgarð sem nýlega var búinn til sem hluti af bakkavörn við Melstað. Þar var töluvert um bæði vorgömul og eins árs laxaseiði (tafla 1, mynd 5b) auk hornsíla (tafla 4).

### ***Steinsstaðaá***

Veitt var að venju í Steinsstaðaá á móts við Barð (mynd 1), þar fundust nokkur eins- og tveggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 6). Bleikjuseiðin sem veiddust voru vorgömul og tveggja ára (tafla 2, mynd 12) og urriðaseiðin vorgömul og eins árs (tafla 3, mynd 15). Auk laxfiskaseiðanna veiddust þar hornsíli og tveir nýjir landnemar, ósakolar (tafla 4), ósakolarnir voru 8,1 og 9,5 cm að lengd.

Veitt var á nýjum stað neðar í Steinsstaðaá, nokkru ofan ármóta hennar við Miðfjarðará þar sem sjávarfalla gætir þó enn. Þar fundust aðeins hornsíli og var þéttleiki þeirra ekki mjög mikill (tafla 4).

### ***Urriðaá***

Í Urriðaá veiddust haustið 2009 fjórir árgangar laxaseiða, eins árs til fjögurra ára, en þéttleiki þeirra var ekki mjög mikill (tafla 1, mynd 7). Töluvert var af vorgömlum bleikjuseiðum þar en einnig varð vart við tveggja ára bleikjuseiði og þriggja ára urriðaseiði (töflur 2 og 3, myndir 13 og 16).

### ***Ástand og lífbyngd seiða í vatnakerfi Miðfjarðará***

Laxaseiðin reyndust vera ívið stærri í Austurá og Miðfjarðará en hinum ánum og þá sér í lagi tveir yngstu árgangarnir (töflur 5 og 6). Þeir árgangar voru aðeins smávaxnari en haustið 2008 en þá voru seiði á þeim aldri í stærri kantinum miðað við árin á undan (Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason, VMST/09003). Tveggja ára seiðin eru hinsvegar örlítið stærri en 2008 en þá voru þau í minni kantinum. Almennt má segja að laxaseiði hafi verið í meðallagi stórvaxin í vatnakerfinu haustið 2009. Ástand þeirra eða holdarfar var einnig ágætt, ástandsstuðlarnir voru aðeins lægri en 2008 en þó í langflestum tilfellum yfir 1 sem er viðmiðunargildi fyrir laxaseiði (tafla 7).

Lífþyngd laxaseiða í vatnakerfinu var mun minni haustið 2009 en 2008 og stafar það að miklu leyti af því að mun færri þriggja ára seiði fundust 2009, en svo stór seiði veiga mjög þungt í slíkum útreikningum. Heildarlífþyngd var mest við grjóttgarðinn við Melstað þar sem þéttleiki var mjög mikill á litlu svæði (tafla 14). Af hefðbundnu stöðunum var lífþyngd mest á stöð 11 í Núpsá og í kvísl við Bjargshól (tafla 14). Mest lífþyngd vörgamalla seiða reyndist vera á stað 2 í Vesturá, mest lífþyngd eins árs seiða við grjóttgarðinn og næstmest í kvísl við Bjargshól, tveggja ára seiðin vógu hinsvegar þyngst á stað 11 í Núpsá og þriggja ára seiðin á stað 7 í Núpsá (tafla 14). Þéttleiki seiða var nokkuð minni haustið 2009 í Miðfjarðará, Steinsstaðaá og Urriðaá en árin á undan en svipaður í hinum ánum og mun meiri en árin 2001-2004 (tafla 18).

Bleikjuseiði veiddust í öllum ánum í vatnakerfinu haustið 2009 eins og 2008 en fundust þó ekki eins víða í Miðfjarðaránni sjálfri og þá (Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason, VMST/09003). Ástand þeirra og vöxtur var í meðallagi (töflur 8 – 10). Mjög fáir urriðar fundust, aðeins á einni stöð í Núpsá, Urriðaá og Steinsstaðaá (töflur 3, 11 – 13 og 16). Hornsíli veiddust aðallega í Miðfjarðará en þeirra varð þó líka vart í Vesturá, Núpsá og Steinsstaðaá (töflur 4 og 17). Ósakolar veiddust í fyrsta skipti í vatnakerfinu haustið 2009, í Steinsstaðaá (töflur 4 og 17).

## **Veiðin 2009**

Metveiði var í Miðfjarðarárvatnakerfinu sumarið 2009 þegar 3962 laxar veiddust en tæpum 72% þeirra var sleppt aftur í árnar (tafla 19). Mest var veiðin í Austurá 1532 laxar en litlu minni í Vesturá (töflur 22, 23 og 25). Minnst var hún hinsvegar í Núpsá 199 laxar (töflur 24 og 25). Rétt rúmur helmingur laxanna var vigtaður og því aðeins hluti veiðinnar sem hægt er að skipta upp í stórlax og smálax, af þeim löxum sem voru vigtaðir voru rétt tæp 10% stórlax (tafla 25). Stærstur hluti laxanna voru hængar (töflur 19, 21-24). Vikuleg laxveiði í Miðfjarðaránni sjálfri var mest frá miðjum júlí fram undir miðjan ágúst (mynd 17). Veiðin í Vesturá var nokkuð jöfn frá miðjum júlí fram til seinnihluta september þó tvær bestu vikurnar hafi báðar verið í ágúst. Svipaða sögu er að segja í Austurá þar sem veiðin var þó ívið betri í lok júlí og byrjun ágúst en aðrar vikur. Í Núpsá

var veiðin hinsvegar mest seinnihluta ágúst og byrjun september (mynd 18). Aðeins veiddust bleikjur og urriðar í Miðfjarðará sjálfri. Bleikjurnar voru 299 talsins og veiddust flestar í júní og júlí, urriðarnir voru 42 og var veiði þeirra nokkuð dreifð um veiðitímabilið (tafla 20 og mynd 17).

## Umræður

Laxaseiðastofnar Miðfjarðarárvatnakerfisins hafa verið á mikilli uppsiglingu undanfarin ár samkvæmt seiðarannsóknnum en þéttleiki laxaseiða í ánum hefur verið vel yfir meðaltali í flestum ánum frá haustinu 2006. Á sama tíma hafa heimtur laxa úr hafi verið ágætar á norðurlandi. Göngur laxaseiða úr ánni vorið 2008 voru þær stærstu sem lengi höfðu sést og líklega þær stærstu frá því að farið var að fylgjast skipulega með seiðastofnum á vatnasvæðinu árið 1984. Hluti þeirra seiða skilaði sér svo aftur í árnar sumarið 2009 sem smálax en þá var fyrra veiðimet slegið svo um munar. Eins og áður sagði veiddust þá 3962 laxar í vatnakerfinu en fyrra metið var frá sumrinu 1977 þegar 2581 laxar veiddust, minnsta veiði í vatnakerfinu frá árinu 1974 var hinsvegar 433 laxar sumarið 2001 (Guðni Guðbergsson, VMST/09035).

Seiði í Miðfirði hafa í allmörg síðustu ár vaxið mjög vel, mun betur en á seinni hluta síðustu aldar og gengið fyrr til sjávar en áður, eða að miklu leyti vorið þegar þau eru þriggja ára, þó alltaf sé einhver hluti sem gengur út fjögurra ára. Sumarið 2005 var nokkuð kalt og aðeins hægði á vexti aftur og þá sér í lagi hjá yngstu árgöngunum. Sá árgangur sem þá var vorgamall voru seiðin sem héldu uppi stóru göngunni 2008, þá þriggja ára. Þetta var mjög stór árgangur allt frá upphafi í öllum ánum en þessi seiði fóru þó ekki varhluta af kuldanum 2005 og voru alla tíð nokkuð smávaxin. Þetta varð til þess að töluverður hluti þeirra sat eftir í ánni vorið 2008 og gekk ekki út fyrr en vorið 2009, þá fjögurra ára. Þessi stóri árgangur skiptist því á tvö ár í sjávangöngu og þar af leiðandi þrjú ár í veiði. Með seinna hollinu, vorið 2009, gekk einnig til sjávar að mestu árgangurinn á eftir, þriggja ára seiðin í rafveiðum 2008. Gangan út vorið 2009 var því einnig nokkuð stór, en í heildina nokkuð minni en sú sem fór árið á undan. Sérstaklega var hún minni úr Miðfjarðará sjálfri en t.d. lítur út fyrir að fleiri seiði hafi gengið úr

Núpsá. Í samanburðar útreikningum á seiðabéttleika og lífþyngd á milli ára er um nokkuð vanmat að ræða hvað varðar Miðfjarðarána sjálfa vegna þess að sú viðbót sem kvíslarnar eru að skila síðustu árin skilar sér ekki inn í þá útreikninga, þar sem miðað er við sömu staðina í aðalánni fyrir öll árin. Kvíslarnar eru að skila mikilvægri viðbót. Seiði sem koma til með að ganga til sjávar 2010 úr aðalánni eru í nokkuð minni þéttleika en gönguárgangarnir á undan en flest seiðin sem voru tveggja ára í rafveiðunum 2009 ættu að ganga út þá, kvíslarnar munu þó bæta það upp að einhverju leyti.

Milli Fosskotsfossa í Núpsá hefur hrygning ekki orðið eða verið mjög takmörkuð undanfarin ár og lítið fundist þar af seiðum. Svo var komið að kaflinn virtist vera orðinn seiðalaus. Haustið 2008 var klakfiskur úr Núpsá fluttur upp fyrir neðri fossinn og sleppt þar til að reyna að ná betri nýtingu á það svæði. Slík aðgerð er mun kostnaðarminni og náttúrulegri en að ala seiði upp í eldisstöð og sleppa í ána og ætti jafnvel að vera árangursríkari að mörgu leyti. Á þessu svæði eru reyndar ekki mjög margir góðir hrygningarstaðir en þó má finna þá nokkra, uppeldisskilyrði fyrir seiði eru hinsvegar víða góð á svæðinu. Í rafveiðunum var veitt á tveimur stöðum á þessum kafla og á þeim efri þeirra fannst mjög mikið af vorgömlum laxaseiðum sem sýnir að hrygning hefur tekist vel á þessu svæði og þá líklega með tilkomu þessara laxaflutninga. Fiskar voru einnig fluttir upp fyrir fossinn haustið 2009 og vonandi að með þessu takist að efla seiðauppeldi á þessum kafla enn frekar. Neðri svæði Núpsár eru mjög vel setin laxaseiðum og þá sér í lagi vorgömlum og eins árs. Ganga seiða úr Núpsá hefur verið mjög stór vorið 2009 en verður nokkuð minni vorið 2010, þó í meðallagi miðað við árin 2001-2009.

Svipaða sögu er að segja af Austurá og Vesturá, þéttleiki yngstu árganganna þriggja var í meðallagi miðað við undanfarin ár en lítið fannst af þriggja ára seiðum sem flest gengu til sjávar vorið 2009. Flestir árgangarnir voru mjög vel dreifðir um árnar, helst voru það vorgömlu seiðin í Austurá sem höfðu gloppótta dreifingu. Það tekur þó vorgömul seiði alltaf nokkurn tíma að dreifa sér um árnar og því ekki loku fyrir það skotið að þau komi betur fram í rafveiðum næsta árs, þá eins árs gömul. Tveggja ára seiðin voru langflest orðin það stór að með góðu tíðarfari vorið 2010 ná þau að ganga til sjávar að mjög miklu

leyti og verður gangan úr þessum ám aðeins minni en síðustu tvö ár en þó í meðallagi sé miðað við lengri tíma.

Haustið 2009 veiddist í fyrsta skipti ósakoli í Miðfjarðarvatnakerfinu, nánar tiltekið í Steinsstaðaá og voru kolarnir tveir talsins. Ósakoli er nýr landnemi á Íslandi og var hrygning hans hér við land fyrst staðfest árið 2002 þó stærri fiskar hafi veiðst 1999 en þá taldir flækingar. Fyrstu árin var hann aðallega að finna á suðvesturhorni landsins og þéttleiki ekki mikill en undanfarin ár hefur hann dreift sér allverulega í báðar áttir auk þess sem mun meira er orðið af honum. Ósakoli veiddist fyrst á Ströndum sumarið 2005 og var þá búist við að hann myndi fljótlega finnast víðar við norðurland en það virðist þó hafa tekið hann nokkurn tíma að færa sig austar eftir norðurströndinni. Sumarið 2009 veiddist ósakoli þó ekki aðeins í Miðfjarðará heldur einnig við hefðbundnar rafveiðar í Fljótaá auk þess sem hann hefur veiðst í net í Miklavatni í Skagafirði. Ósakoli hrygnir í sjó en seiðin alast upp á ósasvæðum og fara töluvert upp í ferskvatn fyrstu árin og dvelja þar í einhvern tíma. Þau nýta svipuð búsvæði og seiði laxfiska og getur landnám kolategundarinnar því aukið samkeppni um bæði fæðu og pláss í ánum, sér í lagi á ósasvæðum þó einnig séu dæmi um að kolinn fari langt inn í land. Minna er um að stærri fiskur fari upp í ár en þar sem hann gerir það gæti hann stundað afrán á litlum laxfiskaseiðum. Fylgst hefur verið náið með landnámi ósakola á Íslandi og verður því haldið áfram, meðal annars til að kanna hvaða áhrif hann hefur á lífríki áa þar sem hann nemur land.

Veitt var á nýjum stöðum í neðst í Miðfjarðará, neðan Þjóðvegur 1. Þá var einnig bætt við einum veiðistað í Steinstaðaá nokkru neðan hefðbundins athugunarstaðar. Neðstu hlutar ána eru fremur sendnir og landhalli lítill. Áhrifa sjávarfalla gætir langt upp í Steinsstaðaá og Miðfjarðará. Hefðbundin uppeldissvæði laxaseiða eru af skornum skammti í neðri hluta ána vegna botngerðar og straumlags. Þá er vandkvæðum bundið að koma við hefðbundnum aðferðum við seiðarannsóknir, rafveiðum, á slíkum svæðum. Árkaflar sem þessir henta almennt betur bleikju- og urriðaseiðum en laxaseiðum. Mikilvægt er þó að vanmeta ekki gildi ósasvæðis og neðsta hluta Miðfjarðará fyrir fiskistofna árinna. Árkaflinn nýtist laxaseiðum á leið til sjávar til aðlögunar áður en

lengra er haldið og einnig hoplaxi. En ekki er ólíklegt að hann hafi þar viðdvöl áður en lengra er haldið. Þá má ætla að árkaflinn sé mikilvægur vetrardvalarstaður ungleikju og nýtist einnig bleikjuseiðum á leið til sjávar með sama hætti og laxaseiðunum. Ástæða er til að framkvæma rannsóknir á þessum neðsta hluta vatnasvæðisins með tilliti til mikilvægis hans fyrir ákveðna lífsferla laxfiska á vatnasvæðinu. Til þess að framkvæma slíkar rannsóknir þarf að beita öðrum aðferðum en notaðar hafa verið við hefðbundnar rannsóknir á seiðastofnum vatnakerfisins.

Veiðistaðagerð og lagfæringar á rennsli Miðfjarðarár við Leirhöfða hafa tekist einstaklega vel. Nýr veiðistaður skilar góðri veiði og eldri veiðistaðir eru aftur farnir að virka. Mikil uppsveifla er á þessum árkafla. Varnir gegn landbroti með grjótvörnum við Melstað gætu einnig skilað sér í nýjum tökustöðum ekki síður en sem uppeldissvæði.

Endurheimt árkvísla í Miðfjarðará og þýðing þeirra fyrir seiðauppeldi og laxagöngur í ána hefur vakið verðskuldaða athygli. Það verkefni sem farið var af stað með fyrir allnokkrum árum hefur átt stóran þátt í að endurvekjja Miðfjarðarána sjálfa sem mikilvægan hlekk í uppeldi laxaseiða og uppsprettu gönguseiða af vatnasvæðinu.

Á heildina litið er ástand laxastofna Miðfjarðarárvatnakerfisins með allra besta móti sem stendur. Seiðaárgangar eru í meðallagi sterkir í Austurá og Vesturá, nokkuð mikið af vorgömlum og eins árs seiðum í Núpsá en ástandið er hinsvegar lakast í Miðfjarðará sjálfri. Seiðauppeldi í árkvísllum hennar vega það þó nokkuð upp. Stórar seiðagöngur hafa farið til sjávar síðustu tvö ár og sú fyrri þeirra skilaði sér einstaklega vel til baka í árnar sumarið 2009 sem smálax og var veiðimetrið frá 1977 slegið og vel það þar sem tæplega 4000 laxar veiddust síðastliðið sumar. Spennandi verður að sjá í rafveiðum næstu haust hvernig hrygning haustsins 2009 skilar sér en hún ætti að hafa verið með allra mesta móti. Laxar úr stóru seiðagöngunni vorið 2008 ættu að skila sér til baka í árnar sem stórlaxar sumarið 2010 og smálaxar þess sumars koma úr nokkuð stórum sjógönguárgangi vorsins 2009. Ekki er hægt að spá jafn góðu veiðisumri 2010 og reyndin varð 2009 en verði heimtur laxa úr hafi ámóta góðar og undanfarin ár má þó búast við mjög góðri veiði.

**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum á vatnasvæði Miðfjarðarár haustið 2009.

	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
<b>Vesturá</b>						
staður 2	225	43,11	5,78	3,11		
staður 6	300	1,33	6,33	3,00		
staður 8	308	3,90	3,57	0,32		
staður 11	264	0,38	2,65	4,92		
staður 12	270		1,85	0,74		
<b>Austurá</b>						
staður 4	182		8,24	3,85		
staður 5	152	21,05	5,26	1,32		
staður 7	324		2,16	1,85	0,31	
staður 9	300	4,67	4,00	0,33	0,33	
staður 10	322		7,45	0,93		
<b>Núpsá</b>						
staður 5	176	15,91		1,14		
staður 7	204				0,98	
staður 8	171	8,19	22,81	4,09		
staður 11	192	6,25	19,27	5,73	0,52	
staður 13	272	14,71	4,41	1,47	0,37	
<b>Miðfjarðará</b>						
staður 1	322	0,93	5,59			
staður 2b	336	0,89	1,49			
staður 3	105	1,90	3,81	0,95		
staður 4	336	5,95	0,89	0,30		
kvísl við Bjargshól	116	6,03	20,69	2,59	0,86	
kvísl við Brekkulæk	200	1,00	6,00	1,50		
kvísl við Staðarbakka	169	1,78	4,73			
staður 5 við Melstað*	288	3,47				
staður 6 neðan brúar*	385					
grjótgarður v. Melstað*	8	12,5	37,5			
<b>Steinstaðaá</b>						
staður 1	320		0,63	0,31		
staður 2*	450					
<b>Urriðaá</b>	200		0,50	1,00	1,00	0,50

\* nýjir staðir, veiddir í fyrsta skipti 2009



**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum á vatnasvæði Miðfjarðarár haustið 2009.

	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
<b>Vesturá</b>					
staður 2	225				
staður 6	300				
staður 8	308				
staður 11	264				
staður 12	270	0,74			
<b>Austurá</b>					
staður 4	182		0,55		
staður 5	152				
staður 7	324			0,31	
staður 9	300				
staður 10	322		0,31		
<b>Núpsá</b>					
staður 5	176				
staður 7	204				
staður 8	171				
staður 11	192				
staður 13	272			0,37	
<b>Miðfjarðará</b>					
staður 1	322				
staður 2b	336				
staður 3	105	1,90		0,95	
staður 4	336				
kvísl við Bjargshól	116	2,59		0,86	
kvísl við Brekkulæk	200	3,50			
kvísl við Staðarbakka	169	1,18			
staður 5 við Melstað*	288				
staður 6 neðan brúar*	385				
grjótgarður v. Melstað*	8				
<b>Steinstaðaá</b>					
staður 1	320	0,63		0,63	
staður 2*	450				
<b>Urriðaá</b>	200	7,00		1,00	

\* nýjir staðir, veiddir í fyrsta skipti 2009

**Tafla 3:** Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum á vatnasvæði Miðfjarðarár haustið 2009. Aðeins veiddust urriðaseiði í Núpsá, Steinsstaðaá og Urriðaá

	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Núpsá staður 7	204			0,49	
Steinsstaðaá	320	0,94	0,31		
Urriðaá	200				1,00

**Tafla 4:** Þéttleiki hornsíla og ósakola á hverjum 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum á vatnasvæði Miðfjarðarár haustið 2009.

	Stærð (m <sup>2</sup> )	Hornsíli	Ósakoli
<b>Núpsá staður 7</b>	204	0,62	
<b>Miðfjarðará</b>			
staður 3	105	0,95	
kvísl við Bjargshól	116	46,55	
kvísl við Brekkulæk	200	0,50	
kvísl við Staðarbakka	169	0,59	
staður 5 við Melstað*	288	0,69	
staður 6 neðan brúar*	385	0,78	
grjótgarður v. Melstað*	8	12,50	
<b>Steinsstaðaá</b>			
staður 1	320	1,25	0,63
staður 2*	450	0,89	

\* nýjir staðir, veiddir í fyrsta skipti 2009

**Tafla 5:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá 2	4,12	0,34	97	7,03	0,62	13	10,67	0,75	7						
Vesturá 6	5,15	0,24	4	7,99	0,47	19	10,81	0,72	9						
Vesturá 8	4,75	0,33	12	7,88	0,51	11	11,60		1						
Vesturá 11	4,70		1	7,34	0,60	7	9,81	0,74	13						
Vesturá 12				7,98	0,26	5	10,35	0,21	2						
Austurá 4				8,78	0,56	15	11,43	1,22	7						
Austurá 5	4,61	0,42	32	8,51	0,93	8	12,50	1,41	2						
Austurá 7				8,41	0,31	7	11,13	1,03	6	13,90		1			
Austurá 9	5,37	0,29	14	8,50	0,68	12	10,30		1	13,30		1			
Austurá 10				7,65	0,52	24	10,57	0,65	3						
Núpsá 5	5,38	0,26	28				11,05	0,78	2						
Núpsá 7										12,45	0,35	2			
Núpsá 8	4,84	0,23	14	7,86	0,62	39	10,73	0,57	7						
Núpsá 11	4,85	0,26	12	7,62	0,57	37	10,57	0,65	11	13,00		1			
Núpsá 13	4,92	0,33	40	8,03	0,65	12	11,25	0,90	4	12,50		1			
Miðfj.á 1	5,13	0,55	3	8,55	0,55	18									
Miðfj.á 2b	6,10	0,00	3	8,66	0,53	5									
Miðfj.á 3	5,45	0,07	2	8,90	0,92	4	10,20		1						
Miðfj.á 4	5,61	0,28	20	8,93	1,27	3	10,50		1						
Kvísl/Bjargsh	4,96	0,54	7	8,18	0,93	24	10,70	0,26	3	13,40		1			
Kvísl/vestan	5,55	0,21	2	7,78	0,75	12	11,23	1,11	3						
Kvísl/Staðarb	5,73	0,25	3	9,16	0,48	8									
Miðfj.á 5*	5,31	0,19	10												
Miðfj.á 6 *															
grjótg. v. Melst.*	4,80		1	9,27		1									
Steinsstaðaá st.1				9,40	0,14	2	10,80		1						
Steinsstaðaá st.2*															
Urriðaá				6,10		1	10,55	0,35	2	12,95	0,21	2	14,70		1
Allar stöðvar	4,77	0,62	305	8,05	0,80	289	10,73	0,90	86	12,99	0,51	9	14,70		1

\* nýjir staðir, veiddir í fyrsta skipti 2009

**Tafla 6:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá 2	0,70	0,19	97	3,69	0,75	13	12,37	2,81	7						
Vesturá 6	1,38	0,21	4	5,12	1,06	19	13,10	2,17	9						
Vesturá 8	1,03	0,24	12	4,89	1,01	11	17,50		1						
Vesturá 11	1,10		1	4,09	0,95	7	10,48	2,45	12						
Vesturá 12				5,14	0,61	5	10,50	1,56	2						
Austurá 4				7,08	1,30	15	16,06	4,63	7						
Austurá 5	1,01	0,27	32	6,56	2,25	8	21,90	5,80	2						
Austurá 7				6,36	0,82	7	15,55	4,74	6	27,60		1			
Austurá 9	1,51	0,28	14	6,21	1,50	12	10,70		1	23,40		1			
Austurá 10				4,55	0,89	24	11,70	1,67	3						
Núpsá 5	1,63	0,26	28				15,85	4,03	2						
Núpsá 7										24,85	1,63	2			
Núpsá 8	1,11	0,23	14	4,90	1,12	39	12,90	2,02	7						
Núpsá 11	1,19	0,27	12	4,85	1,16	37	12,92	2,25	11	24,80		1			
Núpsá 13	1,12	0,23	40	5,35	1,54	12	14,65	3,19	4	22,30		1			
Miðfj.á 1	1,47	0,40	3	6,39	1,03	18									
Miðfj.á 2b	2,27	0,06	3	6,58	1,29	5									
Miðfj.á 3	1,60	0,14	2	7,13	2,03	4	12,40		1						
Miðfj.á 4	1,78	0,28	20	7,60	2,62	3	10,10		1						
Kvísl/Bjargsh	1,36	0,40	7	5,88	2,04	24	12,83	0,91	3	27,90		1			
Kvísl/vestan	1,75	0,21	2	4,66	1,44	12	14,40	4,72	3						
Kvísl/Staðarb	1,90	0,30	3	8,16	0,91	8									
Miðfj.á 5*	1,67	0,29	10												
Miðfj.á 6 *															
grjótg. v. Melst.*	1,20		1	8,43		1									
Steinsstaðaá st.1				8,45	0,21	2	12,30		1						
Steinsstaðaá st.2*															
Urriðaá				2,40		1	12,75	1,34	2	24,85	1,48	2	35,90		1
Allar stöðvar	1,14	0,46	305	5,47	1,66	289	13,28	3,49	85	25,04	1,94	9	35,90		1

\* nýjir staðir, veiddir í fyrsta skipti 2009

**Tafla 7:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá 2	0,98	0,08	97	1,06	0,18	13	1,00	0,08	7						
Vesturá 6	1,00	0,03	4	1,00	0,08	19	1,03	0,06	9						
Vesturá 8	0,95	0,05	12	0,99	0,06	11	1,12		1						
Vesturá 11	1,06		1	1,02	0,03	7	1,07	0,08	12						
Vesturá 12				1,01	0,05	5	0,94	0,08	2						
Austurá 4				1,04	0,04	15	1,05	0,04	7						
Austurá 5	1,01	0,13	32	1,03	0,03	8	1,11	0,08	2						
Austurá 7				1,06	0,04	7	1,10	0,09	6	1,03		1			
Austurá 9	0,96	0,06	14	0,99	0,04	12	0,98		1	0,99		1			
Austurá 10				1,00	0,06	24	0,99	0,05	3						
Núpsá 5	1,04	0,07	28				1,16	0,05	2						
Núpsá 7										1,29	0,03	2			
Núpsá 8	0,98	0,13	14	0,99	0,04	39	1,04	0,06	7						
Núpsá 11	1,03	0,13	12	1,08	0,09	37	1,08	0,07	11	1,13		1			
Núpsá 13	0,94	0,11	40	1,01	0,09	12	1,02	0,07	4	1,14		1			
Miðfj.á 1	1,07	0,04	3	1,02	0,09	18									
Miðfj.á 2b	1,00	0,03	3	1,00	0,05	5									
Miðfj.á 3	0,99	0,05	2	0,99	0,02	4	1,17		1						
Miðfj.á 4	1,01	0,08	20	1,04	0,06	3	0,87		1						
Kvísl/Bjargsh	1,10	0,12	7	1,03	0,06	24	1,05	0,03	3	1,16		1			
Kvísl/vestan	1,02	0,01	2	0,96	0,06	12	0,99	0,03	3						
Kvísl/Staðarb	1,00	0,04	3	1,06	0,08	8									
Miðfj.á 5*	1,11	0,15	10												
Miðfj.á 6 *															
grjótg. v. Melst.*	1,09		1	1,05	0,06	3									
Steinsstaðaá st.1				1,02	0,07	2	0,98		1						
Steinsstaðaá st.2*															
Urriðaá				1,06		1	1,08	0,01	2	1,14	0,01	2	1,13		1
Allar stöðvar	1,00	0,10	305	1,02	0,08	289	1,05	0,08	85	1,15	0,10	9	1,13		1

\* nýjir staðir, veiddir í fyrsta skipti 2009

**Tafla 8:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá	6,65	0,78	2						
Austurá				10,85	0,07	2	11,60		1
Núpsá							11,70		1
Miðfjarðará	5,84	0,58	14				12,30	0,99	2
Steinstaðaá	6,85	0,35	2				11,50	0,42	2
Urriðaá	7,01	0,52	14				12,60	0,28	2
Allar stöðvar	6,47	0,77	32	10,85	0,07	2	12,01	0,64	8

**Tafla 9:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá	2,55	0,92	2						
Austurá				10,45	0,21	2	13,70		1
Núpsá							16,20		1
Miðfjarðará	1,76	0,49	14				17,20	3,54	2
Steinstaðaá	2,60	0,42	2				12,95	0,78	2
Urriðaá	3,11	0,72	14				18,05	1,63	2
Allar stöðvar	2,45	0,88	32	10,45	0,21	2	15,79	2,69	8

**Tafla 10:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá	0,85	0,01	2						
Austurá				0,82	0,03	2	0,88		1
Núpsá							1,01		1
Miðfjarðará	0,86	0,05	14				0,92	0,03	2
Steinstaðaá	0,81	0,01	2				0,85	0,04	2
Urriðaá	0,89	0,04	14				0,90	0,02	2
Allar stöðvar	0,87	0,05	32	0,82	0,03	2	0,90	0,06	8

**Tafla 11:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá												
Austurá												
Núpsá							11,30		1			
Miðfjarðará												
Steinstaðaá	5,30	0,36	3	8,80		1						
Urriðaá										12,35	0,21	2
Allar stöðvar	5,30	0,36	3	8,80		1	11,30		1	12,35	0,21	2

**Tafla 12:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá												
Austurá												
Núpsá							19,60		1			
Miðfjarðará												
Steinstaðaá	1,60	0,30	3	7,40		1						
Urriðaá										22,30	1,98	2
Allar stöðvar	1,60	0,30	3	7,40		1	19,60		1	22,30	1,98	2



**Tafla 13:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá												
Austurá												
Núpsá							1,36		1			
Miðfjarðará												
Steinstaðaá	1,07	0,05	3	1,09		1						
Urriðaá										1,18	0,04	2
Allar stöðvar	1,07	0,05	3	1,09		1	1,36		1	1,18	0,04	2

**Tafla 14:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
<b>Vesturá</b>						
staður 2	30,2	21,3	38,5			90,0
staður 6	1,8	32,4	39,3			73,6
staður 8	4,0	17,5	5,7			27,2
staður 11	0,4	10,8	51,6			62,8
staður 12		9,5	7,8			17,3
<b>Austurá</b>						
staður 4		58,4	61,8			120,1
staður 5	21,3	34,5	28,8			84,6
staður 7		13,7	28,8	8,5		51,0
staður 9	7,0	24,8	3,6	7,8		43,2
staður 10		33,9	10,9			44,8
<b>Núpsá</b>						
staður 5	25,9		18,0			43,9
staður 7				24,4		24,4
staður 8	9,1	111,8	52,8			173,7
staður 11	7,4	93,5	74,0	12,9		187,9
staður 13	16,5	23,6	21,5	8,2		69,9
<b>Miðfjarðará</b>						
staður 1	1,4	35,7				37,1
staður 2b	2,0	9,8				11,8
staður 3	3,0	27,1	11,8			42,0
staður 4	10,6	6,8	3,0			20,4
kvísl við Bjargshól	8,2	121,7	33,2	24,1		187,2
kvísl við Brekkulæk	1,8	28,0	21,6			51,3
kvísl við Staðarbakka	3,4	38,6				42,0
staður 5 við Melstað*	5,8					5,8
staður 6 neðan brúar*						0,0
grjótgarður v. Melstað*	15,0	316,3				331,3
<b>Steinstaðaá</b>						
staður 1		5,3	3,8			9,1
staður 2*						0,0
<b>Urriðaá</b>						
	0,0	1,2	12,8	24,9	18,0	56,8

\* nýjir staðir, veiddir í fyrsta skipti 2009

**Tafla 15:** Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )				Samtals
	0+	1+	2+	3+	
<b>Vesturá</b>					
staður 2					0,0
staður 6					0,0
staður 8					0,0
staður 11					0,0
staður 12	1,9				1,9
<b>Austurá</b>					
staður 4		5,8			5,8
staður 5					0,0
staður 7			4,2		4,2
staður 9					0,0
staður 10		3,2			3,2
<b>Núpsá</b>					
staður 5					0,0
staður 7					0,0
staður 8					0,0
staður 11					0,0
staður 13			6,0		6,0
<b>Miðfjarðará</b>					
staður 1					0,0
staður 2b					0,0
staður 3	4,3		14,0		18,3
staður 4					0,0
kvísl við Bjargshól	5,8		17,0		22,8
kvísl við Brekkulæk	4,7				4,7
kvísl við Staðarbakka	2,4				2,4
staður 5 við Melstað*					0,0
staður 6 neðan brúar*					0,0
grjótgarður v. Melstað*					0,0
<b>Steinstaðaá</b>					
staður 1	1,6		8,1		9,7
staður 2*					0,0
<b>Urriðaá</b>					
	21,8		18,1		39,8

\* nýjir staðir, veiddir í fyrsta skipti 2009

**Tafla 16:** Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )				Samtals
	0+	1+	2+	3+	
Núpsá stöð 7			9,6		9,6
Steinstaðaá	1,5	2,3			3,8
Urriðaá				22,3	22,3

**Tafla 17:** Vísitala lífþyngdar (gr) hornsíla og ósakola á hverjum 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum á vatnasvæði Miðfjarðarár haustið 2009.

Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

	Hornsíli	Ósakoli
<b>Vesturá staður 12</b>	0,63	
<b>Núpsá staður 7</b>	0,19	
<b>Miðfjarðará</b>		
staður 3	0,19	
kvísl við Bjargshól	11,00	
kvísl við Brekkulæk	0,70	
kvísl við Staðarbakka	1,01	
staður 5 við Melstað*	0,35	
staður 6 neðan brúar*	0,34	
grjótgarður v. Melstað*	2,50	
<b>Steinstaðaá</b>		
staður 1	0,97	5,34
staður 2*	0,33	

\* nýjir staðir, veiddir í fyrsta skipti 2009

**Tafla 18:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og ám á hverja 100m<sup>2</sup> á vatnasvæði Miðfjarðarár árin 2001-2009.

	Fjöldi stöðva	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur								Samtals		
			0+	1+	2+	3+	4+	5+	0+ss	1+ss		2+ss	1+ss/2+
<b>Vesturá</b>													
2001	5	3112	2,15	2,14	0,50	0,31							5,09
2002	5	2360	3,14	1,47	2,31	1,11							8,04
2003	5	1890	4,19	3,97	1,55	0,05							9,75
2004	5	1604	3,31	4,23	2,33								9,88
2005	5	2060	16,30	7,00	1,57	0,14							25,02
2006	5	1870	11,01	14,32	2,70	0,10							28,13
2007	5	1448	1,93	6,35	6,42								14,70
2008	5	1000	2,83	6,59	2,85	1,33							13,60
2009	5	1367	9,74	4,04	2,42								16,20
<b>Austurá</b>													
2001	5	3259	0,74	1,99	0,97	0,03	0,07			0,03		1,38	3,80
2002	5	2424	0,04	0,82	1,02	1,10	0,04		0,62		0,40		3,03
2003	5	2228	1,79	0,34	0,96	0,08	0,15						3,32
2004	5	1561	0,28	3,03	2,29	0,55	0,06						6,21
2005	5	2051	8,77	0,82	1,23	0,40							11,21
2006	5	1430	3,15	21,45	0,86	0,08							25,53
2007	5	1279	1,63	1,80	6,41								9,84
2008	5	1110	5,36	2,96	0,75	2,32	0,60						11,98
2009	5	1280	5,14	5,42	1,66	0,13							12,35
<b>Núpsá</b>													
2001	5	2587	0,79	2,03	2,50	1,86	0,13						7,30
2002	5	2364	1,07	1,17	0,83	2,05	0,22						5,34
2003	5	1952	2,62	3,51	2,12	0,30	0,05		0,05				8,60
2004	5	1218	2,49	3,03	3,87	0,11	0,40						9,91
2005	5	2245	16,27	2,53	1,33	0,12							20,25
2006	5	1686	0,53	23,05	0,96	0,15							24,69
2007	5	1292	0,32	6,89	4,02								11,23
2008	5	1205	12,88	8,75	7,02	1,79		0,05					30,50
2009	5	1015	9,01	9,30	2,49	0,37							21,17
<b>Miðfjarðará</b>													
2001	4	1844	0,76	0,54	0,67	0,31	0,05						2,32
2002	4	1605	0,22	0,42	0,47	0,05							1,17
2003	4	1500	2,38	1,80	0,07								4,25
2004	3	720	2,33	3,83	2,67	0,16							8,98
2005	3	1332	3,35	2,87	1,27	0,31							7,80
2006	4	1282	5,05	12,27	0,57								17,89
2007	4	1162	3,17	3,58	5,10								11,84
2008	4	712	15,39	2,48	1,44	0,69							20,00
2009	4	1099	2,42	2,95	0,31								5,68
<b>Steinstaðá</b>													
2001	1	280				2,14	0,36						2,50
2002	1	360				0,28							0,28
2003	1	300											0,00
2004	1	84	1,19	1,19	2,38								4,76
2005	1	360	0,28	0,83	1,11								2,22
2006													
2007	1	100		1,00	7,00								8,00
2008	1	264		0,76	0,76	0,38							1,89
2009	1	320		0,63	0,31								0,94
<b>Urriðá</b>													
2001	1	520			0,19	0,38							0,58
2002	1	400		2,50	3,00	0,50							6,00
2003	1	280	0,36	0,36	0,71	0,71							2,14
2004	1	84	3,57	3,57	8,33	1,19							16,67
2005	1	300	2,33	0,33	1,67	2,00							6,33
2006													
2007	1	232		4,31	6,90								11,21
2008	1	150	3,33	0,00	2,67	11,33							17,33
2009	1	200		0,50	1,00	1,00	0,50						3,00

**Tafla 19:** Fjöldi veiddra og slepptra laxa eftir kyni í vatnakerfi Miðfjarðarar sumarið 2000.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngreint	Samtals
Veiði	2442	1195	325	3962
Sleppt	1678	938	227	2843
Afli	764	257	98	1119

**Tafla 20:** Fjöldi veiddra og slepptra urriða og bleikju í Miðfjarðará sumarið 2009.

	Bleikja	Urriði
Veiði	299	42
Sleppt	4	1
Afli	295	41

**Tafla 21:** Fjöldi veiddra og slepptra laxa eftir kyni í Miðfjarðará sumarið 2009.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngreint	Samtals
Veiði	508	252	84	844
Sleppt	358	190	54	602
Afli	150	62	30	242

**Tafla 22:** Fjöldi veiddra og slepptra laxa eftir kyni í Vesturá sumarið 2009.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngreint	Samtals
Veiði	856	418	113	1387
Sleppt	567	326	83	976
Afli	289	92	30	411

**Tafla 23:** Fjöldi veiddra og slepptra laxa eftir kyni í Austurá sumarið 2009.


	Hængar	Hrygnur	Ókyngreint	Samtals
Veiði	958	457	117	1532
Sleppt	645	361	81	1087
Afli	313	96	36	445

**Tafla 24:** Fjöldi veiddra og slepptra laxa eftir kyni í Núpsá sumarið 2009.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngreint	Samtals
Veiði	120	68	11	199
Sleppt	108	61	9	178
Afli	12	7	2	21


**Tafla 25:** Fjöldi veiddra smálaxa, stórlaxa og laxa sem ekki voru vigtaðir (og því ekki hægt að segja til um sjávaraldur á) sumarið 2009. Einnig hlutfall laxveiði í einstökum ám af heildarveiði vatnakerfisins og hlutfall stórlaxa í hverri á af þeim löxum sem sjávaraldur var greindur á.

	<b>Fjöldi smálaxa</b>	<b>Fjöldi stórlaxa</b>	<b>Fjöldi óvigtaðra laxa</b>	<b>Heildarfjöldi veiddra laxa</b>	<b>Hlutfall af heildarveiði vatnasvæðis (%)</b>	<b>Hlutfall stórlaxa af vigtuðum löxum (%)</b>
<b>Vesturá</b>	687	79	621	1387	35,0	10,3
<b>Austurá</b>	713	76	743	1532	38,7	9,6
<b>Núpsá</b>	51	4	144	199	5,0	7,3
<b>Miðfjarðará</b>	466	48	330	844	21,3	9,3
<b>Samtals</b>	1917	207	1838	3962		9,7




**Mynd 1.** Yfirlitskort af vatnasvæði Miðfjarðarár. Rafveiðistaðir eru merktir inn á kortið.







Mynd 2: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vesturá haustið 2009.




**Mynd 3:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Austurá haustið 2009.




Mynd 4: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Núpsá haustið 2009.




**Mynd 5a:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Miðfjarðará haustið 2009.




**Mynd 5b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Miðfjarðará haustið 2009.






**Mynd 6:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Steinstaðaá haustið 2009.




**Mynd 7:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Urriðaá haustið 2009.







**Mynd 8:** Lengdar- og aldurssdreifing veiddra bleikjuseiða í Vesturá haustið 2009.



**Mynd 9:** Lengdar- og aldurssdreifing veiddra bleikjuseiða í Austurá haustið 2009.




Mynd 10: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra bleikjuseiða í Núpsá haustið 2009.




Mynd 11: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra bleikjuseiða í Miðjarðará haustið 2009.







**Mynd 12:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Steinstaðaá haustið 2009.




**Mynd 13:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Urriðaá haustið 2009.




**Mynd 14:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Núpsá haustið 2009.




**Mynd 15:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Steinsstaðaá haustið 2009.




**Mynd 16:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Urriðaá haustið 2009.



Mynd 17: Vikuleg lax-, bleikju- og urriðaveiði í Miðfjarðará árið 2009.



**Mynd 18:** Vikuleg laxveiði í Vesturá, Austurá og Núpsá árið 2009.



## Veidimalastofnun

Keldnaholt, 112 Reykjavík

Sími 580-6300 Símbref 580-6301

[www.veidimal.is](http://www.veidimal.is) [veidimalastofnun@veidimal.is](mailto:veidimalastofnun@veidimal.is)



Ásgarður, Hvanneyri  
311 Borgarnes



Brekkugata 2  
530 Hvammstangi



Sæmundargata 1  
550 Sauðárkrúkur



Austurvegur 3-5  
800 Selfoss